

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/11

frá 17. janúar 2003

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 4807)

(2003/43/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjöllum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út í „Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽³⁾“.

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ⁽⁴⁾.

6) Þegar um er að ræða tilteknar þiljur sem unnar eru úr víði er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 18.1.2003, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 12.6.2008, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. janúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki Liikanen

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í töflunni, sem sett er fram í þessum viðauka, eru talðar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um „nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla 1

Flokkar þilja sem unnar eru úr viði ⁽¹⁾ eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Þiljur sem unnar eru úr viði ⁽²⁾	EN-vöruflokkur	Lágmarkspéttleiki (kg/m ³)	Lágmarksþykkt (mm)	Flokkur ⁽³⁾ (að undanskildu gólfefni)	Flokkur ⁽⁴⁾ gólfefnis
Spónaplötur	EN 312	600	9	D-s2, d0	D _{FL} -s1
Trefjaplötur, harðar	EN 622-2	900	6	D-s2, d0	D _{FL} -s1
Trefjaplötur, miðlungs	EN 622-3	600	9	D-s2, d0	D _{FL} -s1
		400	9	E, pass	E _{FL}
Trefjaplötur, mjúkar	EN 622-4	250	9	E, pass	E _{FL}
Trefjaplötur, MDF ⁽⁵⁾	EN 622-5	600	9	D-s2, d0	D _{FL} -s1
Sementlímdar spónaplötur ⁽⁶⁾	EN 634-2	1 000	10	B-s1, d0	B _{FL} -s1
OSB-plötur ⁽⁷⁾	EN 300	600	9	D-s2, d0	D _{FL} -s1
Krossviður	EN 636	400	9	D-s2, d0	D _{FL} -s1
Gegnheilar viðarplötur	EN 13353	400	12	D-s2, d0	D _{FL} -s1

⁽¹⁾ EN 13986

⁽²⁾ Þiljur sem unnar eru úr viði og festar beint án loftbils á vörur í flokki A1 eða A2-s1, d0 með lágmarkspéttleika 10 kg/m³ eða vörur sem eru a.m.k. í flokki D-s2, d0 með lágmarkspéttleika 400 kg/m³.

⁽³⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

⁽⁴⁾ Flokkar sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

⁽⁵⁾ Þurrkaðar trefjaplötur.

⁽⁶⁾ Sementinnihald a.m.k. 75% miðað við massa.

⁽⁷⁾ Aspenítplata.